

Alþingi

Erindi nr. P 120/826

komudagur 14/2 1996

1995. – 1065 ár frá stofnun Alþingis.
120. löggjafarþing. – 148. mál.

Umsagnir um frumvarp til laga um köfun.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Enginn má stunda atvinnuköfun í ám eða vötnum við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land nema viðkomandi fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum.

Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa aðra en handhafa atvinnuköfunarskírteina.

Siglingamálastofnun ríkisins:

Í stað núverandi orðalags í 1. mgr., 1. gr. komi:

Lög þessi gilda um alla köfun í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land.

Tilgangur þessarar tillögu er að kveða skýrt á um gildissvið laganna. Óþarfi er að tilgreina skilyrði fyrir atvinnuköfun í þessari grein þar sem þau er þegar að finna í 3. gr.

2. gr.

Atvinnuköfun merkir í lögum þessum allar þær athafnir sem falla undir og eru liður í atvinnustarfsemi kafarans eða annarra aðila. Einnig telst það vera atvinnuköfun ef afhöfnin er liður í skipulagðri þjónustustarfsemi til verndunar almannahagsmunum.

Áhugaköfun merkir í lögum þessum allar þær athafnir sem teljast til köfunar samkvæmt lögum þessum en falla ekki undir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um atvinnuköfun.

Köfun merkir í lögum þessum þær athafnir manna sem fara fram undir yfirborði vatns eða sjávar þar sem líkaminn er undir meiri þrýstingi en sem nemur 50 hektópaskölum (50 mbar) yfir loftþrýstingi á yfirborði jarðar og notast er við tæki sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði.

Köfunarbúnaður merkir í lögum þessum allan þann búnað sem notaður er við köfun.

Landhelgisgæsla Íslands:

Í 4. mgr. í 2. gr. er skilgreining á því hvað teljist *köfunarbúnaður*. Lagt er til að til viðbótar núverandi orðalagi komi: *...og viðheldur lífi*. Viðbót í þessa veru væri í samræmi við hefðbundna alþjóðlega skilgreiningu.

Siglingamálastofnun ríkisins:

Eftirfarandi verði bætt við síðustu mgr., 2. gr.:

...og viðheldur lífi káfara (life supporting equipment).

Slysavarnafélag Íslands:

Í 2. gr. frv. 1. mgr. segir: *Einnig telst það vera atvinnuköfun ef athöfnin er liður í skipulagðri þjónustustarfsemi til verndunar almannahagsmuna.* Samkvæmt þessu er sjálfboðaliðum björgunarsveita, sem annast köfun, skylt að hafa atvinnuréttindi. Það er að mati Slysavarnafélagsins ekki nauðsynlegt. Slysavarnafélagið hefur látið þýða leiðbeinandi starfsreglur fyrir björgunarkafara, sem eru í gildi hjá björgunarsamtökum í Bandaríkjunum (NASAR) og starfa björgunarkafarar félagsins eftir þessum reglum í dag. Slysavarnafélagið fer þess á leit að tekið verði tillit til þessara starfsreglna og leggur til að á eftir áðurnefndri setningu bætist við: *Um sjálfboðaliða sem ekki þiggja laun fyrir störf sín gilda regur sem samtök þeirra setja og samgönguráðherra hefur samþykkt.*

Slysavarnafélagið telur að skilgreina þurfi köfunarbúnað mun þrengra en gert er í 4. mgr. í 2. gr.

3. gr.

Hver sem vill stunda atvinnuköfun skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. vera fullra 20 ára,
2. standast með fullnægjandi hætti heilbrigðiskröfur sem settar verða í reglugerð,
3. uppfylla menntunar- og hæfniskröfur,
4. hafa gilt atvinnuköfunarskírteini útgefið af Siglingamálastofnun ríkisins.

Sá sem stundar áhugaköfun skal uppfylla skilyrði 2. tölul. þessarar greinar og vera 17 ára eða eldri.

Landhelgisgæsla Íslands:

2. mgr., 3. gr. orðist svo:

Sá sem stundar áhugaköfun skal uppfylla skilyrði 2. tölulíðs þessarar greinar, vera 17 ára eða eldri og hafa gilt áhugakafaraskírteini útgefið af Siglingamálastofnun ríkisins.

Telja verður fulla ástæðu til að auka eftirlit og aðhald með þeim, sem stunda áhugaköfun þar sem tíðust slys, þ.m.t. banaslys svo og ýmis önnur óhöpp við köfun, hafa á undanförunum árum oftast verið í tilvikum sem tengjast áhugaköfun. Ekki sýnist óeðlilegt að stjórnvöld hafi yfirsýn um málefni áhugaköfunar með það að markmiði að auka öryggi og fyrirbyggja óhöpp. Það verður að telja best gert með því að gera ráð fyrir að áhugaköfun skuli háð leyfi stjórnvalda, þótt ekki verði séð ástæðu til að gera sömu kröfur í sambandi við slíkt leyfi og við leyfisveitingu til atvinnuköfunar. Ekki er talið fjarlæggt að álykta að skilyrði um leyfisveitingu fyrir áhugaköfun geti jafnframt stuðlað að því að leiðbeinendur áhugakafara veiti liðsinni sitt við að hvetja nemendur sína til að uppfylla lögmæt skilyrði.

Siglingamálastofnun ríkisins:

Í stað núverandi orðalags orðist 2. og 3. tl., 3. gr. á eftirfarandi hátt:

2. standast með fullnægjandi hætti heilbrigðiskröfur skv. reglum sem ráðherra setur,
3. uppfylla menntunar- og hæfniskröfur skv. reglum sem ráðherra setur,

4. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins gefur út skírteini samkvæmt lögum þessum og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð.

Kafaraskírteini gildir til fimm ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar kafaraskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

Hver sá sem fullnægir skilyrðum þeim sem sett eru í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim á rétt á að fá skírteini sem veitir viðeigandi atvinnuréttindi.

Siglingamálastofnun ríkisins skal halda nákvæma skrá um handhafa atvinnuskírteina.

Landhelgisgæsla Íslands:

Við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr málsliður (verði 2. másl.), sem hljóði svo:

Skírteini eru tvenns konar, atvinnukafaraskírteini og áhugakafaraskírteini.

Er tillaga þessi í samræmi við tillöguna hér að framan um breytingu á 3. gr., sem beinlínis kallar á slíkt fyrirkomulag.

Fyrri málsliður 2. mgr., 4. gr. falli brott. Síðari málsliður málsgreinarinnar (sem verði fyrri málsliður) breytist og orðist svo:

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til viðhalds réttinda skv. kafaraskírteini, svo sem um menntunar-, hæfnis- og heilsufarskröfur eftir því sem við á.

Hér er gerð tillaga um að kafaraskírteini verði ekki gefin út til tiltekins tíma heldur verði kafararéttindi veitt ótímabundin líkt og ýmis önnur réttindi. Skírteini teljist því gilt á meðan skírteinishafi uppfyllir skilyrði fyrir handhöfn þess. Það ráðist síðan af reglum, sem settar verði um skilyrði til viðhalds réttindum, hvenær viðkomandi leyfisþegi telst hafa misst réttindi sín, t.d. ef hann uppfyllir ekki lengur heilsufarskröfur og yrði skírteini hans þá innkallað og ógilt og nafn viðkomandi þar með tekið af fyrirhugaðri skrá skv. 4. mgr., 4. gr.

Orðliðirnir *atvinnu-* í orðunum *atvinnuréttindi* og *atvinnuskírteina* í 3. og 4. mgr., 4. gr. falli brott.

Tillaga þessi er til samræmis við þær tillögur, sem hér að framan eru gerðar.

Siglingamálastofnun ríkisins:

Í stað núverandi orðalags í 2. mgr., 4. gr. komi:

Samgönguráðherra setur reglur um gildistíma kafaraskírteina.

Ástæðulaust er að binda gildistíma kafaraskírteina í lögum.

Í stað orðanna *atvinnuréttindi* og *atvinnuskírteina* í 3. og 4. mgr., 4. gr., komi orðin *réttindi* og *skírteina*. Ástæða þessarar tillögu er að í 3. gr. eru gerðar kröfur til þeirra sem stunda áhugaköfun. Eðlilegt er að áhugakafarar fái skírteini til staðfestingar því að þeir uppfylli viðeigandi kröfur.

Slysavarnafélag Íslands:

Í 4. gr. er gert ráð fyrir því að Siglingamálastofnun ríkisins gefi út skírteini fyrir kafara. Samkvæmt starfsreglum kafara Slysavarnafélagsins gefur félagið út skírteini fyrir sína kafara. Þess er farið á leit að félagið fái áfram að gefa út skírteini en sendi Siglingamálastofnun allar upplýsingar um hverjir eru handhafar kafaraskírteina hverju sinni.

5. gr.

Allur köfunarbúnaður skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins og merktur eftir því sem nauðsyn krefur. Siglingamálastofnun skal viðurkenna búnað sem hlotið hefur formlega viðurkenningu annars aðildarríkis EES.

Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því að búnaðurinn fullnægi skilyrðum 1. mgr.

Siglingamálastofnun ríkisins:

Eftirfarandi verði bætt við síðustu mgr., 5. gr.: *...og á að halda honum við.*

Hér er kveðið á um að kafari skuli annast viðhald köfunarbúnaðar.

Slysavarnafélag Íslands:

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að Siglingamálastofnun ríkisins viðurkenni allan köfunarbúnað og merki eftir því sem nauðsyn krefur. Þessa grein má skilja sem svo að eigendur köfunarbúnaðar sé skylt að láta Siglingamálastofnun skoða sinn búnað og viðurkenna hann. Slysavarnafélagið telur eðlilegra hér á landi að aðeins verði leyfð sala á samþykktum búnaði, þ.e. að innflytjendur og/eða söluaðilar fái sinn búnað viðurkenndan.

6. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga þessara. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa skal sjá um að fram fari rannsókn á slysum og óhöppum er verða við köfun.

Við rannsókn einstakra köfunarslysa er nefndinni heimilt að tilnefna menn með sérþekkingu á sviði köfunar.

Landhelgisgæsla Íslands:

7. gr. orðist svo:

Slys eða óhöpp sem verða við köfun skal tilkynna þegar í stað til lögreglu í því umdæmi sem slys eða óhöpp átti sér stað.

Rannsókn á orsökum slíkra slysa eða óhappa skal Rannsóknarlögregla ríkisins annast. Niðurstöður rannsóknarinnar skal síðan senda Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Nefndin skal fjalla um niðurstöðuna og láta uppi álit sitt og jafnframt birta það í ársskýrslu sinni.

Telja verður mjög mikilvægt við rannsókn köfunarslysa að halda sem aðskildum þáttum annars vegar rannsókn staðreynda varðandi slys og hins vegar túlkun á niðurstöðu rannsóknarinnar. Þetta er talið best gert með því að aðili, sem alla jafan annast almenna rannsókn slysa og óhappa, sjái um rannsókn þessara mála einnig. Þá er talið geta skipt sköpum að rannsókn á þessu sviði sé hafin sem allra skjótast, m.a. til að minnka hættu á að rannsóknargögn tapist eða eyðist. Eitt dæmi um slíka rannsókn er krufning á líki manns, sem látist hefur við köfun. Þannig er talið mjög mikilvægt í slíkum tilfellum, að krufning fari fram eins fljótt og nokkur kostur er. Með vísan til þessa er gerð sú tillaga, sem hér að ofan greinir, um að tilkynna beri köfunarslys til hinnar almennu lögreglu og að rannsókn á slysinu sjálfu sé hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ef efasemdir eru uppi um möguleika rannsóknarlögreglu til rannsóknar slíkra mála vegna skorts á sérfræðiþekkingu skal minnt á, að skv. ákvæðum 1. mgr., 70. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er rannsókn (rannsóknarlögreglu) heimilað að leita til kunnáttumanna þegar þörf er talin á sérfræðilegri aðstoð við rannsókn.

Í samræmi við ofangreindar ástæður er lagt til að Rannsóknarnefnd sjóslysa komi ekki nærri rannsókninni sjálfri heldur skuli hlutverk hennar í slíkum tilvikum vera að meta og túlka niðurstöðu rannsóknar rannsóknarlögreglunnar í hverju tilviki, t.d. með því að draga ályktanir af niðurstöðunni, m.a. um orsakir atburðarins. Mat rannsóknarnefndarinnar yrði síðan notað, t.d. til að huga að forvörnum. Það styður jafnframt þessa tillögu að efast má um möguleika Rannsóknarnefndar sjóslysa til að annast rannsóknir köfunarslysa vegna þess að nefndin búi ekki yfir þeirri þekkingu og mannafla, sem rannsókn köfunarslysa útheimtir.

Siglingamálastofnun ríkisins:

Á undan núverandi orðalagi í 1. mgr., 7. gr. komi eftirfarandi:

Slys eða óhöpp við köfun skal tilkynna þegar í stað til lögreglu.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. tapast rannsóknargögn í köfunarslysum mjög fljótt. Þess vegna er mjög brýnt að slys eða óhapp sé tilkynnt þegar í stað.

Að í stað síðustu mgr., 7. gr. komi eftirfarandi:

Í þessu skyni skal ráðherra tilnefna menn með sérþekkingu á sviði köfunar.

Ástæður þessarar tillögu er að finna í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu og þarfnast ekki frekari skýringa.

Slysavarnafélag Íslands:

Í 7. gr. er gert ráð fyrir að Rannsóknarnefnd sjóslysa sjái um að fram fari rannsókn á slysum og óhöppum er verða við köfun. Slysavarnafélagið þekkir vel til starfsemi og starfsaðferða Rannsóknarnefnd sjóslysa og ber mikið traust til hennar. Rannsóknarnefnd sjóslysa þarf oft að glíma við erfið, flókin og viðkvæm mál og telur félagið ekki rétt að bæta fleiri verkefnum á nefndina. Félagið leggur til að sérstök Rannsóknarnefnd köfunarslysa verði sett á laggirnar og verði skipuð einum fulltrúa frá eftirtöldum aðilum: Siglingamálastofnun ríkisins, Landhelgisgæslu Íslands, Félagi atvinnukafara, Félagi sportkafara, Slysavarnafélagi Ísland, Slökkviliði Reykjavíkur og Lögreglunni í Reykjavík.

Slysavarnafélagið Íslands finnst eðlilegast að frumrannsókn köfunarslysa verði í höndum sérfræðinga á vegum opinberra rannsóknaraðila, s.s. Rannsóknarlögreglu ríkisins.

8. gr.

Brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum og/eða sviptingu réttinda nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12/1976, um kafarastörf.

ALMENNAR ATHUGASEMDIR**Félag íslenskra kafara og Landssamband íslenskra útvegsmanna:**

Hafa engar athugasemdir við lagafrumvarpið.